

Frá sóttvarnalækni, landlækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra: Tilmæli til hjúkrunarheimila, dagdvala og fyrirtækja í velferðarþjónustu

Til : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Frá : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Heiti : Frá sóttvarnalækni, landlækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra: Tilmæli til hjúkrunarheimila, dagdvala og fyrirtækja í velferðarþjónustu
Málsnúmer : 2003010
Málsaðili : Silfurtún,dvalar- og hjúkrunarheimili
Skráð dags : 05.11.2021 13:48:01
Höfundur : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Sæl öll

Áframsendi hér til ykkar póst sem barst rétt í þessu frá sóttvarnalækni, landlækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Þar er að finna tilmæli til hjúkrunarheimila, dagdvala og fyrirtækja í velferðarþjónustu, vegna aukningar í COVID-19 smitum um land allt.

Með góðri kveðju,

Sigurjón Norberg Kjærnested,

framkvæmdastjóri - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

sigurjon@samtok.is / 783 8114

Til hjúkrunarheimila og dagdvala

Góðan daginn

Undanfarna daga hefur orðið mikil aukning í COVID-19 smitum um allt land. Hlutfall þeirra sem greinast smitaðir og eru ekki í sóttkví hefur verið mjög hátt og bendir það til að mikið sé af ógreindum smitum í þjóðfélaginu.

Til að bregðast við þessu alvarlega ástandi ákvað ríkisstjórnin á fundi sínum í morgun að setja á ný grímuskyldu almennings auk fleiri hertra aðgerða.

Sóttvarnalæknir, landlæknir og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra beina þeim tilmælum til hjúkrunarheimila og dagdvala að sýna ítrustu varkárni og skerpi strax á aðgerðum til að stemma stigi við

smitun. Dæmi um slíkar aðgerðir eru:

- að skerpa á að þeir (starfsfólk eða íbúar) sem eru með einkenni sem gætu bent til COVID-19 fari strax í PCR-sýnatöku og starfsmenn með einkenni séu ekki við vinnu
- að setja á almenna grímuskyldu starfsmanna
- að viðhalda góðri loftræstingu
- að draga úr utanaðkomandi heimsóknnum eins og unnt er
- að ítreka tíða handhreinsun meðal starfsfólks og íbúa
- að fara eftir [leiðbeiningum fyrir hjúkrunarheimili](#)

Vakin er athygli á að í dag, föstudaginn 5. nóvember kl 15:00, munu Þórólfur sóttvarnalæknir, Alma landlæknir og Víðir yfirmaður almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra halda fréttafund í beinni útsendingu sjónvarps.

Næsta mánudag, 8. nóvember, verður haldinn fundur í samráðsnefnd almannavarna, sóttvarnalæknis, hjúkrunarheimila, dagdvala og fyrirtækja í velferðarþjónustu og daginn eftir verður upplýsingafundur fyrir öll hjúkrunarheimili, dagdvalir og fyrirtæki í velferðarþjónustu. Undirritaðar munu mæta á þessa fundi og veita upplýsingar og ráðgjöf ef óskað er eftir.

Ása Atladóttir f.h. sóttvarnalæknis og Guðrún Lísbet Níelsdóttir f.h. almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra

Ása St. Atladóttir

verkefnisstjóri sýkingavarna / Project manager in Infection control

Embætti landlæknis – Sóttvarnasvið / Directorate of Health - Center of communicable disease prevention

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

Sími: 510 1900,

www.landlaeknir.is

Ábyrgð - Virðing – Traust / Responsibility – Respect - Trust



Sóttvarnalæknir-
bólusetningar er
á Facebook

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður til og gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar. Sjá nánar um [ábyrgð þína](#) varðandi tölvupóst.

